

5. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 19. ágúst 2010 í félagsheimilinu Þórsveri. Fundur hófst kl. 17:00

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, Indriði Þóroddsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Steinunn Leósdóttir, Reimar Sigurjónsson, Gunnólfur Lárusson og Jóhanna Helgadóttir sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að fá að setja fundargerð landbúnaðarnefndar sem lið 6 þannig að skýrsla sveitarstjóra verður liður 7. Undir lið 8 er beiðni frá Birnu Sigurðardóttir. Jafnframt verður sett á dagskrá bréf frá Marinó Jóhannssyni sem lið 13. Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 28. júlí 2010

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð fræðslunefndar dags. 21. júlí 2010

Samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð fræðslunefndar dags. 13. ágúst 2010

Samþykkt samhljóða.

- Sveitarstjóri fór yfir lið 4 í fundargerðinni er snýr að ráðningu kennara á Bakkafirði en sá umsækjandi sem skólanefnd mælti með hefur dregið umsókn sína til baka, því er enn verið að leita eftir kennara þar.

4. Fundargerð Nausts dags. 26. júlí 2010

Lögð fram til kynningar

5. Fundargerð Nausts dags. 9. ágúst 2010

Lögð fram til kynningar

6. Fundargerð landbúnaðarnefndar dags. 18. ágúst 2010

Samþykkt samhljóða.

7. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

- Sveitarstjóri upplýsti að í sumar hefur hann verið að fara yfir rekstur stofnana sveitarfélagsins með það að leiðarljósi hvar megi hagræða, og kom sú hugmynd upp nú í ágúst hvort leita mætti hagræðingar í rekstri mötuneyta hér á svæðinu með því að bjóða það út. Þar sem svo skammur tími er þar til skólinn byrjar og ekki unnist tími til að fullkanna hver hagræðingin yrði leggur sveitarstjóri til, að fresta breytingum fram að áramótum og vera þá tilbúinn með tilögur til skoðunar. Nanna Steina Höskuldsdóttir lýsti yfir vanhæfi sínu til að fjalla um málefni mötuneytisins. Samþykkt samhljóða. Nanna vék af fundi. Bókunin samþykkt samhljóða. Nanna kom aftur inn á fund.
- Sveitarstjóri sagði frá hvað er í gangi varðandi byggingu á íbúðarhúsnæði á Þórshöfn.

8. Beiðni um skólavist í grunnskóla í sveitarfélagi utan lögheimilis nemanda.

- I. Beiðni frá Áka Guðmundssyni og Hilmu Hrönn Njálsdóttur vegna sonar þeirra Flosa Hrannars þar sem óskað er eftir að hann fái að stunda skólagöngu í Álftamýraskóla í Reykjavík, skólaárið 2010-2011. Ástæða umsóknarinnar eru breyttar aðstæður.
Samþykkt að verða við beiðninni og greitt verði eftir viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga um greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélaga.
- II. Beiðni frá Birnu Sigurðardóttir vegna sonar hennar Sigurðar F. Tryggvasonar Radtke þar sem óskað er eftir að hann fái að stunda skólagöngu í Brekkuskóla á Akureyri skólaárið 2010-2011. Ástæða umsóknarinnar er að móðir stundar nám á Akureyri fullt skólaár og faðir er búsettur og vinnur á Þórshöfn.
Samþykkt að verða við beiðninni og greitt verði eftir viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga um greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélaga.

9. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 13. júlí 2010

Lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 28. júlí 2010

Lagt fram til kynningar.

11. Beiðni um styrk dags. 10. júlí 2010

Með bréfi óskar Auður Hauksdóttir eftir fjárhagslegum stuðningi Langanesbyggðar til byggingar Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með hugmynd að uppbyggingu stofnunar um tungumála- og menningarannsóknir. Hugmyndin er að reisa 3.000 m² byggingu og áætlaður kostnaður um 1.300.- milljónir króna.

Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.

12. Bréf frá Jónu V. Indriðadóttir dags. 2. ágúst 2010

Í bréfi Jónu er verið að óska eftir styrk vegna veikinda systur hennar. Samþykkt samhljóða að styrkja um kr. 15.000.- og ósk um velfarnað og gott gengi.

13. Beiðni um að fá að rétta í Tunguselsrétt.

Í bréfi sem Marinó Jóhannsson ritar fyrir hönd félagsbús í Tunguseli er óskað eftir að fá að rétta allt sauðfé úr Vesturheiði í Tunguselsrétt.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til landbúnaðarnefndar.

Fleira ekki gert, fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.
Fundi slitið kl. 19:55